

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 81,44 á hemil á mánuði.

Vatnsgjald er kr. 146,48 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 437/1982 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 36,36 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 291,66 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 92,40 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. ágúst 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 442/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.